

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

NÓVEMBER 2023


EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin
á lyfjaval.is

Veldu að sækja í
næsta apótek eða
fáðu sent heim.

Lyfjaval 

10. tbl. 30. árg.



Sysstrasamlagid

Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Netverslun:
sysstrasamlagid.is

Sjá nánar á facebook.com/Sysstrasamlagid



Vinalestur í Gerðubergi

Vinalestur er verkefni þar sem Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir tómstunda- og félagsmálafræðingur tekur á mótí börnum innflytjenda í bókasafninu í Gerðubergi og les með þeim íslenskar barnabækur.

Þetta hófst þegar Borgarbókasafnið og Rauði krossinn óskuðu eftir sjálfbodaliðum til að lesa íslensku með börnum af erlendu bergi. Þetta starf reyndist vel og á liðnu hausti var verkefnið sett í gang af fullum þunga. Miðað er við aldurinn

sex til tíu ára og koma börnin síðdegis á virkum dögum, eftir að skóla er lokið. Á myndinni er Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir með hóp af börnum sem taka þátt í vinallestri með henni.

Sjá nánar á bls. 10.



B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi
www.bilarogtjon.is

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**



FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

LÆGSTA VERÐIÐ

Í REYKJAVÍK

ER Í SUÐURFELLI



Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Umbrot: Borgarblöð ehf.
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
10. tbl. 30. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Síðasti fjáreigandinn

Búskapur var stundaður í höfuðborginni um langt skeið. Fram um miðbik liðinnar aldar og nokkuð lengur voru bændabýli í borginni.

Eftir því sem þéttbýlið óx urðu bændabýlin að víkja. Þar sem áður voru gripahús og tún risu mannbústaðir og byggingar til þess að hýsa nýja atvinnustarfsemi. Einkum iðnað.

Á síðari hluta liðinnar aldar stunduðu áhugamenn um sauðfjárrækt búskap og þá til hliðar við önnur störf.

Í nýútkomin bók Ólafs R. Dýrmundssonar búvísindamanns er rakin saga sauðfjárbúskapar á höfuðborgarsvæðinu og Fjáreigendafélags Reykjavíkur.

Ólafur segir sögu af hversu föstum rótum sauðfjárbúskapur stóð á meðal ýmissa borgarbúa og einnig aðförum Reykjavíkurborgar að fjáreigendum.

Þótt Ólafur sé borgarbúi á hann djúpar rætur í sveit og hefur verið fjáreigandi allt frá unglingsaldri.

Nú er aðeins einn fjáreigandi eftir í höfuðborginni. Ólafur sjálfur sem enn heldur sauðfé í húsi á lóð sinni í Efra Breiðholti.

www.borgarblod.is



**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is
eða í síma 568 0990

Garðs Apótek - í yfir 60 ár

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð 9-18 virka daga.

Aðkoma að Garðheimum til umræðu



Ný verslun Garðheima við Álfabakka 6.

Aðkoma að nýrri verslun Garðheima við Álfabakka hefur verið til umræðu og vafist fyrir ýmsum. Meðal annars var rætt um að leggja niður afreina sem liggur frá Reykjanesbraut að Álfabakka. Hætt var við þau áform eftir að samgöngudeild Reykjavíkurborgar þótti það óráðlegt.

Í stað þess var stöðvunarskylda þar sem afreinin mætir Álfabakka komið á. Enn fremur verður trjárinni snyrtur og tré lækkuð við afreininna til að bæta sjónlínur bílstjóra sem þar aka. Í svörum Reykjavíkurborgar kemur fram að svæðið sé enn vinnusvæði og sé merkt sem slíkt. Ákveðið hafi þó verið að það verði málað og merkt með skiltum.

Á heimasíðu Garðheima er að finna upplýsingar um aðkomu að versluninni.

Ein er að beygja til hægri frá Stekkjarbakka. Fara fram hjá hjá Olís og svo til vinstri inn Álfabakka. Þaðan frá hjá Sambíóunum, undir brúna, fram hjá botnlangaskiltinu og alla leið út í enda. Frá Breiðholtsbrautinni er hægt að komast um Árskóga frá Skógarseli. Beygja þá til vinstri inn Álfabakka og keyra til enda. Ef komið er frá Kópavogi um Nýbýlaveg er best að taka afreina upp á brúnni í átt að Sambíóunum Álfabakka. Taka þar hægri beygju undir brúna og halda áfram inn í enda Álfabakka. Ef komið er frá Hafnarfirði/Garðabæ um Reykjanesbraut er beygt beint inn á Álfabakka um fráreina af Reykjanesbraut, áður en komið er að Breiðholtsbrúnni. Ef komið er frá Reykjavík um Reykjanesbraut er best að beygja upp á brúnni við Stekkjarbakka og taka hægri fráreina inn á Álfabakka og keyra þar alveg inn í enda Álfabakka.

Strætó

Stórbætt tíðni með nýju leiðakerfi

Nýtt leiðakerfi Strætó inniheldur stórbættu tíðni ferða og breytingar í greiðslukerfi sem eiga að stuðla að breyttum ferðavenjum og aukinni notkun almenningsgangna, að mati deildarstjóra hjá Strætó bs. Stórbætt tíðni sé liður í að gera þær að fyrsta kosti íbúa til að komast til vinnu eða skóla. Þetta kom meðal annars fram á opnum fundi um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu sem haldinn var í ráðhúsi Reykjavíkur nýlega.

Strætó bs. hefur unnið að nýju leiðakerfi frá 2019. Stefnt er að innleiða kerfið að fullu þegar áætlanir samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins eru tilbúna. Um er að ræða stórbættu tíðni og stefnt að því að mjög margir hafi aðgang að samgöngum með góðri öruggum ferðum. Markmiðið er að ferðavenjur breytist sem eykur líkur að frekari markmið náist í losun gróðurhúsalofttegunda.

Samkvæmt greiningu strætó búa aðeins 19% íbúa höfuðborgarsvæðisins nálægt almenningsgangum þar sem tíðnin er 7 til 10 mínútur. Með nýju leiðakerfi er stefnt að því að 66% íbúa hafi greiðan aðgang að slíkum almenningsgangum.



Strætó kynnir sig með áletruninni „Besta leiðin“ á strætisvögnunum. Með nýju leiðakerfi gæti þetta orðið að veruleika.

Einnig er verið að uppfæra og bæta Klapp-greiðslukerfið. Nú er aðeins hægt að greiða fyrir strætóferðir með appi eða klappkortinu en til stendur að hægt verði að greiða með greiðslukorti. Greiðslukortin munu auðvelda farþegum að greiða fyrir ferðir sínar. Aðeins þarf

að bera kortið að skannanum eins og þekktist í stórborgum erlendis. Þá á einnig að innleiða daglegt og vikulegt greiðsluþak. Með því þurfa notendur aldrei að borga meira en það sem jafngildir einum dagspassa eða einum vikupassa óháð því hversu margar ferðir eru keyptar.



Netverslun: systrasamlagid.is

NÝTT

Sírius



Rjómasúkkulaði

MEÐ KARAMELLU KRÓKANT



GLÆNÝTT POPPSTJÖRNUSÚKKULAÐI!

Við hjá Nóa Sírius tökum fullan þátt í leitinni að næstu poppstjörnu landsins!

Við bjóðum upp á glænýtt og gómsætt Sírius rjómasúkkulaði með stökkum og hressandi karamellu krókant bitum á meðan á leitinni stendur.

Aðeins í takmörkuðu magni!



VIÐTALIÐ

Síðasti sauðfjárbóndinn í Breiðholti

- Ólafur R. Dýrmundsson spjallar um nýútkomna bók sína um sauðfjárrækt í borginni og tengsl hennar við Breiðholt

Út er komin hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi bókinn Sauðfjárbúskapur í Reykjavík. Höfundur hennar er Ólafur R. Dýrmundsson. Ólafur er búvísindamaður. Doktor á sviði sauðfjárræktar frá Aberystwyth Háskóla í Wales 1972. Hann starfaði við kennslu, stjórnsýslu, rannsóknir og leiðbeiningar, fyrst á Hvanneyri en lengst á vegum Búnaðarfélags Íslands og síðar Bændasamtakanna. Hann sinnir enn faglegum verkefnum í þágu lífræns landbúnaðar og fæðuöryggis og stundar borgarbúskap sér til yndis og ánægju. Ólafur býr í Jórúselinu efst í Seljahverfi í Breiðholti. Hann hefur aðstöðu fyrir kindur í húsi á lóðinni við Jórúselið en þar hafði við skipulag hverfisins verið gert ráð fyrir aðstöðu til búskapar. Í bók Ólafs er að finna margvíslegar upplýsingar og sögulegar heimildir um sauðfjárbúskap í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu þar sem sauðfjárrækt var stunduð af krafti um langt árabil.

Í texta á kápu bókarinnar má lesa eftirfarandi. „Reykjavík er eina höfuðborgin í heiminum sem hefur fjárhúshverfi og er með aðild að bæði afrétti og lögskilarétt. Í þessari myndríku bók er fróðlegu yfirliti um þróun sauðfjárbúskapar í Reykjavík síðan um miðja 19. öld fléttað saman við sögu Fjáreigendafélags Reykjavíkur. Á meðal efnispáttu eru sauðfjárstríðið 1962 frá 1970, Hvassahraunseignin, útrýming riðuveiki, báðar Fjářborgirnar og göngur og réttir. Höfundur hefur sjálfur verið fjáreigandi í Reykjavík og um skeið í Kópavogi síðan 1957.

Um fimm þúsund kindur

Ólafur segir í samtali við Breiðholtsblaðið að bæði fjár- og kúabúskapur hafi verið stundaður á Breiðholtsbýlinu fram um 1960. Síðan 1994 hafi verið eitt fjárbú Reykjavík í Seljahverfi og það

eina vestan Elliðaáa. Afréttur eða sumarhagar hafi verið afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna og lögskilaréttin Fossvallarétt í Lækjarbotnalandi. Í þremur sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu voru um fimm þúsund vetrarfóðraðar kindur um 1960 og fjáreigendur á þriðja hundrað

Fjářborg við Breiðholtsveg

Sauðfjárbúskapur kemur meira við sögu Breiðholtsins. Ólafur segir að Fjářborg hafi staðið við Breiðholtsveg á árunum 1959 til 1968. „Hún var byggð eftir að stjórn Fjáreigendafélags Reykjavíkur hafði leitað til borgaryfirvalda um aðstöðu fyrir fjáreigendur. Bæjarráð hafði lagt til fjárhúsabyggð við Rauðhóla sem Fjáreigendafélagið hafnaði þar sem hún var talin úrleiðis.“ Ólafur segir að þáttaskil hafi orðið á aðalfundi Fjáreigendafélags



Ólafur R. Dýrmundsson við fjárrátt í rétt að hausti til.

Reykjavíkur 12. júní 1959 þegar samþykkt var tilboð Bæjarstjórnar Reykjavíkur um leigu á fimm hektara mýrarspildu til fimm ára undir fjárhús félagsmanna sem voru í vandræðum. Einnig hafi verið samþykkt að stjórn félagsins gengi frá samningi um landið. „Þannig varð til Fjářborg ofan við Blesugróf í Reykjavík og Meltungu í Kópavogi, nánar tiltekið í horninu á milli Reykjanesbrautar og Smiðjuvegur í Kópavogi þar sem löngu síðar var byggt stórhýsi lagnafyrirtækisins Tengis.“

Fjárlausir hestamenn ekki velkomnir

Ólafur segir að búskapurinn í Fjářborg hafi vakti verulega athygli. Bæjarbúar hafi heimsótt Fjářborg sérstaklega á vorin þegar foreldrar komu með börn sín til að sjá nýlega fædd lömb. Hann segir að hjarðirnar í Fjářborg hafi verið misstórar. Flestar á bilinu 30 til 50 vetrarfóðraðar kindur og allt upp í 100 kindur. Hross hafi aðeins verið í fáeinum húsum og nær eingöngu smalahestar. Þess hafi verið gætt

að fjárlausir hestamenn fengju ekki lóðir eða eignuðust hús í Fjářborg við Breiðholtsveg enda hafði Hestamannafélagið Fákur tryggt þeim góða aðstöðu annars staðar.

Hafliði garðyrkjustjóri og Skúli lögregluvarðstjóri

Í bók sinn rekur Ólafur átök fjáreigenda við borgaryfirvöld í Reykjavík þegar þau vildu banna allt búfjárhald í borginni. Uppnám hafi orðið meðal reykvískra fjáreigenda þegar tveir áhrifamiklir starfsmenn

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin



Snemma beygðist krókurinn. Hér er Ólafur í fjárhúsi sínu í Fjárborg við Breiðholtsveg í lok febrúar 1964 þá aðeins 17 ára að aldri.

borgarinnar, þeir Hafliði Jónsson garðyrkjustjóri og Skúli Sveinsson lögregluvarðstjóri hafi lagt fram skýrslu um sauðfjárhald í Reykjavík 12. nóvember 1962. Í þeirri skýrslu hafi sauðfjárhald verið gagnrýnt á ýmsan hátt en jafnframt lagðar fram tillögur til úrbóta. Stjórn Fjáreigendafélags Reykjavíkur hafi strax kvartað undan skýrslunni

við Borgarstjórn Reykjavíkur. Sagt hana mjög villandi og ranga í flestum efnisatriðum en óskaði þess jafnframt að eiga gott samstarf við borgarstjórnina um sauðfjárhaldið. „Stjórn Fjáreigendafélagsins gagnrýndi stjórnskipulag og framkvæmd vörslu borgarlandsins sem Skúli hafði yfirumsjón með og kvaðst Fjáreigendafélagið

reiðubúið til að semja við borgina um að taka að sér vörslu, forðagæslu og böðun fjár í Reykjavík. Fjáreigendafélagið tók við umsjón með bæði Breiðholtsgirðingunni sem lág umhverfis Breiðholt og Breiðholtsréttinni árið 1962 af vörslumanni borgarlandsins.“ Ólafur segir að þrátt fyrir þetta hafi greinilega verið uppi önnur áform innan borgarinnar og mjög andstæð hagsmunum fjáreigenda og reyndar borgarbúa líka í flestu tilliti.

Stríðssaga fjáreigenda við Reykjavíkurborg

Ólafur rekur þessa stríðssögu fjáreigenda við borgaryfirvöld og segir að harðlínustefnu hafi gætt gagnvart þeim. „Sauðfjárstríðið stóð óslitið um nær átta ára skeið eða til 1970 með hámarki 1968 þegar farið var að rífa húsin í Fjárborg við Breiðholtsveg og aðgerðarinnar í röðum fjáreigenda létu að sér kveða. Niðurrífi Fjárborgar lauk á árinu 1969. Borgarráð Reykjavíkur sá fyrir því, með stuðningi Sambands íslenskra sveitarfélaga

að alþingismennirnir Auður Auðuns, sem einnig var forseti borgarstjórnar og Alfreð Gíslason, einnig borgarfulltrúi sem hafði lagt fram tillögu haustið 1962 og síðar frumvarp á Alþingi snemma árs 1964 sem fól í sér heimild til að banna búfjárhald og þar með sauðfjárhald í kaupstöðum og kaupþúnum. Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi eftir miklar umræður 23. maí 1964.“

Reglugerð um búfjárhald 1964

Reykjavíkurborg var búin að fá staðfesta reglugerð um búfjárhald 9. júlí 1964. Aðeins sex vikum eftir samþykkt laganna á Alþingi var búfjáreigendum í borginni gefinn kostur á að sækja um leyfi til búfjárhalds og það gerðu rúmlega hundrað sauðfjáreigendur í Reykjavík. Heildartalan var um 3.400 kindur. Þeir sem sóttu um fyrir flest fé voru allir á lögbýlum, Þorgeir Jónsson bóndi í Gufunesi, sem var fjárflestur í Reykjavík á þessum árum og einnig með fjölda hrossa.

Fjölskyldan hefur staðið með mér í þessu

Ólafur kveðst hafa unnið að þessu verki um lengri tíma og þá einkum heimildaöflun sem verið hafi all nokkur. Sér þó efst í huga þakklæti til fjölskyldu sinnar fyrir margvíslega aðstoð við fjárbúskapinn um áratuga skeið. Sérstaklega eiginkonu sinnar, Svanfríðar Sigurlaugar Óskarsdóttur sem og einnig dóttir okkar, Sigurrósar Svövu myndlistarmanns sem veitti ágæta aðstoð við vinnslu myndefnisins. Morgunstund með kaffi og pönnukökum í Jórusetinu var fljót að líða enda umræðuefni ærið. Hér er þó aðeins hægt að stikla á stóru og drepa á nokkur atriði einkum þau er snerta Breiðholt fyrr og síðar.



Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára ábyrgð



JS LJÓSAMÍÐJAN
 VÉLAVERKSTÆÐI
 SLÁTTUVELAÞJÓNUSTAN
 Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Lyfjaval

HEILSA & HAMINGJA

Tvær bílalúgur
Einfalt og þægilegt

Bílaapótekið í hverfinu



Opnunartími
Suðurfelli 4

Virka daga

8:30-20

Laugardaga

11-17

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Skólafundur með breyttu sniði



Frá skólafundi í FB.

Skólafundur var haldinn með breyttu sniði í FB á dögunum. Starfsfólk og nemendur ræddu málefni sem varða okkur öll í skólanum í dag.

Virk og góð umræða skapaðist á öllum borðum. Mál-efnin voru skólareglur, raunmæting, mótuneyti, íslenskuþorpið, skólaráð og fleira.

Sjáðu fegurð þína

- Listamannaspjall í Gerðubergi 25. nóv.

Kristín Ómarsdóttir og Guðlaug Mía Eypórsdóttir, sýningarstjóri, ræða saman um verk hinnar fyrrnefndu á sýningunni Sjáðu fegurð þína sem var opnuð í Gerðubergi þann 26. október sl. Þar gefur að líta verk Kristínar frá ýmsum tímabilum. Sum hver hafa verið ofan í skúffu í áraradír. Önnur eru nýleg.

Myndlistarsýningin var sett upp í tengslum við ritþing Kristínar Ómarsdóttur, sem haldið var í Tjarnarbíói í lok október. Þar var farið yfir rithöfundarferli Kristínar, en hún hefur ætíð sinnt myndlistinni samhliða ritstörfunum og stundum haldast þessi ferli þétt í hendur, eins og fram kom á ritþinginu. Kristín Ómarsdóttir er fædd 24. september 1962 í Reykjavík. Hún lauk stúdentsprófi frá Flensburg í Hafnarfirði 1981 og stundaði síðan nám í íslensku, almennri bókmenntafræði og spænsku við Háskóla Íslands. Kristín hefur dvalist í Kaupmannahöfn og Barcelona en býr nú og starfar í Reykjavík.

Kristín hefur jöfnum höndum fengist við ljóða- og skáldsagnagerð, smásögur og leikritun. Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín. Skáldsagan Elskan mín ég dey tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 1999 og leikrit hennar, Astarsaga 3, var



Kristín Ómarsdóttir og Guðlaug Mía Eypórsdóttir.

tilnefnt til Norrænu leikskálda-verðlaunanna. Árið 2005 fékk hún Grímuverðlaunin, sem leikskáld ársins, fyrir leikritið Segðu mér allt. Fyrir ljóðabókina Sjáðu fegurð þína hlaut hún Fjöruverðlaunin í flokki fagurbókmennta árið 2008. Hún hefur fengið fjölda tilnefninga til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, nú síðast fyrir skáldsöguna Milla 2012 og svo árið 2017 fyrir ljóðabókina Kóngulær í

sýningarglugganum. Hún hlaut Maistjörnuna, ljóðaverðlaun RSÍ og Landsbókasafns, árið 2018 fyrir Kóngulær í sýningarglugganum. Kristín hefur einnig unnið að myndlist, sýnt teikningar sínar og tekið þátt í sýningum þar sem hún hefur unnið með ólík form: myndbönd og skúlpúra. Bækur eftir Kristínu hafa verið þýddar á sænsku, frönsku og finnsku og ljóð hennar hafa birst í erlendum safnritum.

Partýpeysu smiðja í Gerðubergi

- verður laugardaginn 25. nóvember

Í smiðjunni verður venjulegum peysum umbreyttu í PARTÝPEYSU fyrir hátíðirnar. Fólk kemur með sína eigin peysur en efniviður til að skreyta þær með verður á staðnum.

Gestir eru einnig hvattir til að grípa með sér hátíðlegt skraut fyrir peysurnar sínar. Vertu með og umbreyttu peysu í hreint einstaka partýpeysu.

Viðburður fyrir alla fjölskylduna.



Vilja meiri tæknimenntun og verkmenntun

Vinnusmiðjum með yfir 200 unglungum í Reykjavík er lokið. Vinnusmiðjunum er ætlað að yta undir lýðræðislega virkni nemenda í skóla- og fristundastarfi og möguleika þeirra til að hafa áhrif á eigið nám. Margar frábærar, skemmtilegar og framsýnar hugmyndir komu fram í hópstarfinu. Í þessu sambandi var líka fjallað um hlutverk nemendafélaga og félagsmiðstöðvaráða.

Margar hugmyndir komu fram þegar unglungarnir lögðust í hugmyndavinnu um tilhögun skólastarfs. Mörg töldu mikilvægt að efla ætti iðn-, tækni og verkgreinar í grunnskólum, eins komu fram vilji til að efla lífsleikni og kynfræðslu og að læra meira um praktísk mál eins og um fjármál, skatta, íbúðakaup. Þá komu fram hugmyndir eins og að hefja fornám ökunáms í grunnskóla, að hægt væri að velja hvaða tungumál sem er í stað dönsku. Flest virtust á því að halda í hefðbundnu kjarnagreinarnar eins og íslensku, stærðfræði, ensku og samfélagsfræði. Þá komu ýmsar hugmyndir um þann tíma sem skólastarf ætti að standa yfir. Sumir voru á því að styttri hlé og þéttari skóladagur væri málið á meðan aðrir vildu jafnvel lengja skóladaginn en fá í staðinn lengri hlé og matartíma til að njóta samvista hvert við annað.

Notalegt umhverfi í nýjum skóla

Ýmsar hugmyndir komu fram varðandi hönnun nýs unglingskóla. Notalegt umhverfi var til umræðu og einnig nefnd aðstæða til að hita samlokur og núðlur og að



gott væri að hafa lágvörverslun í nágrenni við skólann. Fram kom að verðbólga gæti sligað Ísland næstu árin sem yrði áskorun og greinilegt var að núverandi efnahagsástand setti mark sitt á umræðuna.

Tíu nemendur frá hverjum skóla

Allt að tíu nemendur auk tveggja til fjögurra starfsmanna frá hverju grunnskóla í Reykjavík komu til vinnusmiðjunnar. Hver smiðja stóð yfir í tvo daga í fimm tíma í senn. Smiðjurnar byggja á aðferðarfræði samfélagslegrar nýsköpunar þar sem allir þátttakendur fá rödd og tækifæri til að taka þátt í samtali og samsköpun hugmynda. Dagskrá beggja daganna skiptist í stutt innlegg, verkefni þar sem kafað er djúpra í viðfangsefnið, leiki og æfingar þar sem þátttakendur æfa sig í að hugsa á skapandi og lausnarmiðaðan hátt og setja sig í spor annarra.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Blómstraðu

með okkur á nýjum stað



**Við höfum skotið
rótum við Álfabakka 6**

Verið hjartanlega velkomin
í nýja og glæsilega verslun



Dú finnur okkur hér



GARDHEIMAR



ÖLL BÖRN GETA TEKIÐ ÞÁTT Á EINHVERN HÁTT

FRÍSTUNDASTYRKUR

75.000 kr. styrkur fyrir árið 2023
75.000 kr. styrkur fyrir árið 2024

Íþrótt og frístundastyrkurinn tryggir að öll börn á aldrinum 6 -18 ára í Reykjavík, geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi.

Foreldrar/forráðamenn ráðstafa styrknum í samstarfi við börn sín til námskeiðs sem hægt er að borga með styrknum. Frekari upplýsingar má finna á www.fristund.is

Ef þig vantar einhverjar upplýsingar eða aðstoð varðandi frístundastyrkinn, endilega hafðu samband við Suðurmiðstöð.
breidholt@reykjavik.is eða sími: 411 1300



Breid



www.facebook.com/breidholtid



www.instagram.com/breidholt.is



www.youtube.com

MYNDBÖND Á YOUTUBE

Það eru myndbönd á Youtube undir **Þjónustumiðstöð Breiðholts**.

Á ensku, tælensku, pólsku, arabísku, rúmensku, spænsku, albönsku og litháísku með upplýsingum um:

1. Mikilvægi þátttöku barna í íþróttum og frístundum.
2. Hvaða íþróttir og frístundir eru í boði fyrir börn í Breiðholti.
3. Hvernig skrái ég barnið mitt í íþróttir eða frístundir í Breiðholti.

Breitholt

HEILSU
EFLANDI
BREIÐHOLT

ÍPRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

ÍPRÓTTAFÉLÖG

ÍR

www.ir.is - ir@ir.is
Sími: 587 7080

LEIKNIR

www.leiknir.com - leiknir@leiknir.com
Sími: 557 8050

AÞENA

athena@athenabasketball.com
Sími: 862-4714

SUNDFÉLAGIÐ ÆGIR

www.aegir.is - aegir@aegir.is
Sími: 820 3156

BANDÝ

Atli.thor@gmail.com
Sími: 618 5745

TÓNLIST

TÓNSKÓLI EDDU BORG

www.teb.is - teb@teb.is
Sími: 557 3452

TÓNSKÓLI SIGURSVEINS

www.tonskolisigursveins.is
tonskolisigursveins@tonskolisigursveins.is
Sími: 568 6828

SKÓLAHLJÓMSVEIT ÁRBÆJAR OG BREIÐHOLTS

www.arbaer.skolahljomsveit.is
anna.sigurbjornsdottir@rvkskolar.is
Sími: 893 2213

SKÁTAR

HAFERNIR

www.hafernir.org - hafernir@skatar.is
Sími: 839 3050

SEGULL

www.skatar.is/segull - segull@skatar.is
Sími: 567 0319

HJÓLREIÐAR

HJÓLAKRAFTUR

www.hjolakraftur.com - valdi@hjolakraftur.com
Sími: 848 8822

DANS

DANSSKÓLI BRYNJU PÉTURS

www.brynjapeturs.is
dansbrynjupeturs@gmail.com
Sími: 821 4499

DANSGARÐURINN KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN

www.dansgardurinn.is
info@ballet.is
Sími: 534 9030

BORGARBÓKASAFN GERÐUBERG

borgarbokasafn.is/bokasofn/gerduberg
gerduberg@borgarbokasafn.is
Sími: 411 6170

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ

MIÐBERG

www.midberg.is - midberg@rvkfri.is
Sími: 411 5750

FRÍSTUNDAHEIMILI 6 - 9 ÁRA

Bakkasel	1. – 4. bekkur	Breiðholtsskóli
Álfheimar	1. – 2. bekkur	Hólabrekkuskóli
Hraunheimar	3. – 4. bekkur	Fellaskóli og Hólabrekkuskóli
Vinasel	1. – 2. bekkur	Seljaskóli
Vinaheimar	1. – 2. bekkur	Ölduselsskóli
Regnboginn	3. – 4. bekkur	Seljaskóli og Ölduselsskóli

FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR 10 - 16 ÁRA

111	Efra-Breiðholt	111@rvkfri.is
Hólmasel	Seljahverfi	holmasel@rvkfri.is
Bakkinn	Bakkahverfi	bakkinn@rvkfri.is
Hellirinn	Kleifarsel 18	hellirinn@rvkfri.is

MYNDLIST

MYNDLISTASKÓLI REYKJAVÍKUR

www.mir.is - mir@mir.is
Sími: 551 1990

Grenndarstöðvar fá nýtt hlutverk

- tekið verður við málmum og glerjum í stað pappírs og plasts



Sýnishorn af því hvernig grenndarstöðvarnar munu líta út í framtíðinni. Þessi er við Laugalæk.

Nú er unnið að því að breyta grenndarstöðvum í Reykjavík fyrir nýtt hlutverk. Byrjað verður að taka á móti glerum og málmum í staðinn fyrir plast og pappír. Ástæður breytinganna má rekja til þess að nýtt og samræmt flokkunarkerfi fyrir heimilissorp hefur verið innleitt á höfuðborgarsvæðinu. Breytingarnar verða innleiddar í áföngum og er fjölgun málmagáma stærsta breytingin.

Eftir að byrjað var að sækja pappír og plast við öll heimili hefur þörfin minnkað fyrir grenndargáma þar sem tekið er við þeim flokkum. Samhliða þessum breytingum sé skylt að flokka gler og málm og því verður gámum sem taka við þessum flokkum fjölgað um meira en helming, eða úr 13 í 29 fyrir áramót. Málmar mega ekki lengur fara lausir í gráu tunnuna eins og áður var leyfilegt. Merkingakerfi fyrir grenndargáma verður á næsta ári samræmt við nýjar merkingar á heimilisflokkun og verður merkingin eins og límmiðarnir á tunnunum við heimili fólks. Á sama tíma verða settir upp skynjarar í alla grenndargáma, sem segja til um hvenær gámarnir eru fullir.

Lesum um fugla



Árni Árnason ljósmyndari og bókarrhöfundur með myndavélina á lofti. Trúlega er fugl í sigti.

Lestur barna hefur löngum verið Árna Árnasyni, kennara til margra ára og fuglaljósmyndara, mjög hugleikinn og hefur hann í gegnum tíðina samið og skrifað fjölmargar bækur sem flestar eiga það sameiginlegt að höfða ekki sist til þeirra barna sem af einhverjum ástæðum glíma við lestrarerfiðleika, en spilla síður en svo fyrir hinum fluglæsu, enda er efnið yfirleitt áhugavert.

Nýlega sendi Árni frá sér bókina Lesum um fugla. Þar kynnir hann til leiks í stuttu máli og með vönduðum ljósmyndum um 70 tegundir algengra fugla. Við forvitnuðumst aðeins um þessa bók og hvernig megi nýta hana í þágu barna og þess vegna fjölskyldna.

Hvað geturðu sagt okkur um þessa bók, Lesum um fugla?

„Jú, hún er hugsuð fyrir börn sem eru farin að lesa sér til gagns og nýtist þeim og öllum öðrum sem hafa áhuga á að kynnast algengum fuglum í íslenskrí náttúru. Bókin er þannig upp byggð að fuglunum er raðað í stafrófsröð, sem gerir það að verkum að það er þægilegt að leita í henni, svo er lýsandi mynd af hverjum fugli fyrir sig og tvö til þrjú lykilorð um hvern þeirra, sem er svo svarað í stuttum texta þar á eftir.“

Hvernig geta foreldrar komið að bókinni og stutt við lestur barna sinna?

„Það geta þeir gert með ýmsu móti. Þeir geta auðvitað hjálpað þeim við að lesa textann og rætt um þau atriði sem þar eru nefnd, svo sem hvað það merki hjá álfinni „að vera í sárum“, eða þá að hrafninn „sé alæta“. Svo er hægt að lesa í myndirnar og ræða um þær, en allt þetta – lestur, spjall um textann og myndirnar – hjálpar börnum að auka við orðaforða sinn og lesskilning og bætur svo vitaskuld sjálfan lesturinn hjá viðkomandi barni. Ég hvet foreldra eindregið til að sitja með börnum sínum þegar þegar þessi bók er lesin, nú eða ef aðrar bækur eru hafðar um hönd, og sýna því áhuga sem þau eru að lesa og/eða skoða. Það er sannkölluð gæðastund og skilar sér svo sannarlega þegar að fram líða stundir.“

Vinalestur í Gerðubergi

Gaman að sjá framfarirnar

Frá því í haust hefur Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir tómstunda- og félagsmálafræðingur tekið á móti börnum innflytjenda í bókasafninu í Gerðubergi og lesið með þeim íslenskar barnabækur. Mikil þörf er greinilega fyrir þjónustu af þessu tagi því færri hafa komist að en vilja.

Um er að ræða tilraunaverkefni í samstarfi við Reykjavíkurborg og hefur verkefnið fengið heitið Vinalestur Heiðrúnar – Lesþjálfun til framtíðar. Í hverri viku tekur Heiðrún á móti einu barni í einu, les með þeim bækur sem þau velja sjálf á safninu. Þegar nóg er lesið fá börnin pappír og liti til að teikna myndir upp úr sögunum.

Fimm ár eru raunar liðin frá því Heiðrún byrjaði fyrst á þessu verkefni. Það var þegar Borgarbókasafnið og Rauði krossinn óskuðu eftir sjálfbodaliðum til að lesa íslensku með börnum innflytjenda. Heiðrún bauð sig fram og var henni komið í samband við sjö ára stelpu frá Víetnam. Svo skemmtilega vildi til að stelpan heitir líka Heiðrún.

Hvött til að halda áfram

Ætlunin var að það verkefni stæði aðeins í einn vetur, en foreldrar Heiðrúnar óskuðu eftir því að hún héldi áfram að lesa með nöfnu sinni. Alls lásu þær tvær saman bækur á íslensku í fimm ár, með þeim árangri meðal annars að Heiðrún yngri fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur í íslensku í skólanum.

Það var svo móðir hennar sem hvatti Heiðrúnu eldri eindregið til þess að halda þessu áfram og bjóða fleiri börnum að lesa með þeim íslensku. Fleiri börn bættust í hópin og voru þau orðin fimm síðasta vetur.

Síðasta vor nefndi Heiðrún þetta við Óskar Dýrmund Ólafsson, framkvæmdastjóra Suðurmíðstöðvar. Hann tók strax vel í málið, enda þörfin óumdeild og öllum ljós. Verkefnið var svo sett í gang nú í haust og nú eru börnin orðin 14. Miðað er við aldurinn 6 til 10 ára og koma börnin síðdegis á virkum dögum, eftir að skóla er lokið. Auk þess að hafa aðstöðu á bókasafninu í Gerðubergi hefur Heiðrún verið líka í samvinnu við Marisku Kappert, verkefnastjóra í Fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi, og haft þar aðstöðu.

Ákveðin í að læra íslenskuna

„Þetta er æðislega gaman,“ segir Heiðrún um vinalesturinn. „Og svo skemmtilegt þegar maður finnur að það er framför hjá þeim sem hafa átt erfitt með að lesa íslenskuna, og það bara á tveimur mánuðum eða varla það. Það er líka gaman að sjá hvað þau hafa mikinn áhuga og eru svo ákveðin í að læra íslenskuna.“

Fyrir utan lestímana skipuleggur Heiðrún upplifunarferðir fyrir krakkana. Til stendur að gera eitthvað saman, fara á söfn og sýningar, jafnvel á tónleika og í leikhús, nokkrum sinnum á



Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir á bókasafninu í Gerðubergi.



Heiðrún Kristín ásamt Heiðrún nöfnu sinni sem byrjaði fyrst í þessu verkefni.



Nokkrar af myndum barnanna sem verða á sýningunni í Gerðubergi 9. des.

hverjum vetri. Og þá koma foreldrar með. Sá hluti verkefnisins er rétt að hefjast, en byrjað var á að hittast í Gerðubergi í hrekkjavökugrímugerð þann 28. október og næst var haldið í Hörpu þann 19. nóvember að heilsa upp á músina Maximus.

Fyrstu önninni fer nú að ljúka og lokahnykkurinn verður sýning á teikningum barnanna í fjölskyldumiðstöðinni laugardaginn 9. desember kl. 14:00. Sýningin er öllum opin.



Netverslun: systrasamlagid.is

Velkomin í FB



Fjölbreytt nám í skapandi umhverfi

- Félagsvísindabraut
- Framhaldsskólabraut
- Íþróttabraut
- Náttúruvísindabraut
- Opin braut
- Starfsbraut
- Tölvubraut
- Íslenskubraut fyrir erlenda nemendur
- Húsasmiðabraut
- Rafvirkjabraut
- Sjúkraliðabraut
- Snyrtibraut
- Fata-og textílbaut
- Myndlistarbraut
- Nýsköpun, hönnun og listir

Undirbúningsnám fyrir skapandi nám á háskólastigi.
Nemendur verða að hafa lokið stúdentsprófi,
starfsnámsprófi eða sambærilegum prófum.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.fb.is



@fbskoli



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Kolbrún Baldursdóttir

Þarf að huga að heilsu þeirra sem veikst hafa vegna myglu

Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi hefur lagt til í borgarstjórn að þeim sem veikst hafa vegna myglu og raka í skólum borgarinnar verði veittar skaðabætur. Hún segir að þolendur hafi ekkert val þegar kemur að skólabyggingum. Börnunum sé gert að mæta í skólann samkvæmt lögum og starfsfólki að sinna starfi sínu.

Hún bendir á að hópur barna og starfsfólks hafi orðið illa úti vegna myglu og raka í skólabyggingum borgarinnar. Starfsfólk hafi hrökklast úr starfi vegna veikinda tengdum myglu og dæmi eru um að börn séu orðin langveik. Hún segir skyldu yfirvalda að teygja sig út til þessa hóps og taka stöðuna hjá þolendum. Þeir sem þurft hafi á mikilli og kostnaðarsamari læknaaðstoð að halda ættu að fá styrk til að mæta þeim kostnaði. Og þeir sem sitja eftir með andleg sár sem rekja má beint til starfa sinna í heilsuspillandi húsnæði á vegum borgarinnar ættu að fá aðstoð ráðgjafa og sálfræðinga, þeim að kostnaðarlausu. Kolbrún bendir á að mygla og raki sé orðin sagan endalosa. Frá árinu 2018 hafi mygla greinst í yfir 30 skólahúsum sem tilheyra borgarreknum leik- og grunnskólum samkvæmt samantekt fréttastofu RÚV frá því í fyrra haust. Þá hafi yfir 1.200 grunn- og leikskólabörn verið í húsnæði utan skólalóðar heimaskóla vegna mygluvandamála, 860 grunnskólabörn og 350 leikskólabörn. Síðan þá hafa líklega bæst við hátt í hundrad börn. Mörg þúsund börn verða fyrir raski á skólastarfi vegna myglu og raka. Samhliða viðhaldi og lagfæringum á húsnæðinu þurfi að huga að heilsu þolenda myglu bæði til skemmr og lengri tíma.



Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur og borgarfulltrúi.



Fossvogsskóli er einn þeirra skóla sem hefur farið illa vegna mygluskemmda.

Hrekkjavaka Miðbergs

Hrekkjavaka Miðbergs fór fram 31. október sl. Viðburðurinn er búinn að vera árlegur nú í nokkur ár og búinn að festa sig í sessi í vetrarfrí skólanna í Breiðholti. Viðburðurinn var opinn öllum áhugasömum og var ýmislegt hægt að finna sér að gera.

Hægt var að fá andlitsmálingu, elda sykarpúða eða eplabita á báli og prufa að stinga hendinni í ógeðiskassa og þreifa þar fyrir sér á ýmsum óhugnaði. Síðast en ekki síst var það draugahúsið sem var einstaklega hræðilegt þetta árið og þurftu gestirnir aldeilis að taka á honum stóra sínum til þess að komast þar í gegn. Gestirnir gátu einnig gætt sér á vöfflum á Nornakaffihúsinu. Viðburðurinn var í félagsmiðstöðinni 111 og Gerðubergi. Það mætti töluverður fjöldi gesta og margir lögðu mikinn metnað í búningana.



Þessi mynd var tekin á Hrekkjavöku Miðbergs.

Haustið farið vel af stað

Félagsmiðstöðvastarfið í Breiðholti hefur farið vel af stað þetta haustið. Boðið hefur verið upp á fjölbreytta og spennandi dagskrá í öllum félagsmiðstöðvunum og góð mæting hefur einkennt upphaf vetrarins.

Í október vorum við með einn vinsælasta viðburð félagsmiðstöðvanna Hundrad&ellefu, Hólmasels og Bakkans en það er náttfatanóttin. Það var mikil stemning á öllum stöðum og boðið upp á fjölbreytta dagskrá sem dæmi má nefna pizzaveislu, bakstur, brjóstsykursgerð, íþróttahús um miðja nótt, kvikmyndamaráðun og margt fleira. Allt gekk vel um nóttina og allir fóru gláðir heim að sofa á laugardagsmorgninum. Einnig var félagsmiðstöðvargurinn haldinn hátíðlega í öllum fjórum félagsmiðstöðvunum, Bakknum, Hellinum, Hundrad-



Grillað í félagsstarfi.

&ellefu og Hólmaseli. Þar var boðið upp á grillaðar pylsur, kökur og spilað bingó með skemmtilegum vinningum.

Við hlökkum til áframhaldandi fjörs í vetur með flotta unglingshópnum okkar hér í Breiðholti.

Skrekkur

Seljaskóli í þriðja sæti

Seljaskóli var í þriðja sæti í Skrekk með atriðið „Fer þetta svona?“ en Hagaskóli vann hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkur, í Borgarleikhúsinu mánudagskvöldið 13. nóvember. Atriði Hagaskóla bar heitið „Lítu upp, taktu eftir“ og fjallaði um hversu mikilvægt það er að fólk taki eftir því sem er að gerast í kringum það og hvíli jafnvel snjalltækin aðeins.

Háteigsskóli endaði í öðru sæti keppninni og Langholtsskóli fékk svo Skrekkstunguna svokölluðu, en það eru verðlaun sem veitt eru því atriði sem þykir beita tungumálinu hvað best. Úrslitakvöldið fór sem áður sagði fram í Borgarleikhúsinu, en það var sýnt í beinni útsendingu hjá Ríkissjónvarpinu.

Um 700 unglingar frá 24 skólum í Reykjavík tóku þátt í Skrekk sem haldinn var í 33. sinn. Í Skrekk fá unglingar í grunnskólum Reykjavíkur að vinna með hugmyndir sínar og þróa sviðsverk fyrir stóra



Úr atriði Seljaskóla í Skrekk.

svið Borgarleikhússins fyrir hönd síns skóla.

Atriðin í ár fjalla um umhverfismál, áhrif síma og samfélagsmiðla og mikilvægi þess að sjá veröldina þar fyrir utan, kvíða og

geðheilbrigði, sýnileika minnihlutahópa og vináttu svo að eitt-hvað sé nefnt. Unglingarnir nýta allar sviðslistir í atriðin; tónlist, dans, leiklist og gjörninga. Þau sjá um að semja atriðin, það er leik, dans, sögu og tónlist og sum eru jafnvel með frumsamin lög. Krakkarnir sjá líka um tæknimál, búninga og förðun. Fullorðnir hafa það hlutverk að styðja þau við uppsetningu atriðanna.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

FALLEGIR LEGSTEINAR

Á góðu verði
Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð



Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is

Stærsta verkstæði landsins í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.
Eitt fullkomnasta
hjólbarðaverkstæði landsins.
Tímapantanir á nesdekk.is



Bókaðu tíma á netinu



Toyo GSI-6

Toyo Ice Freezer

Toyo G3S - ICE

Harðskeljadekk

Harðskeljadekk

Harðskeljadekk



**Bókaðu tíma og skoðu
dekkjaúrvalið á nesdekk.is**

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Kynning á íþróttum og frístundum í Breiðholti

Síðustu tvær vikur hef ég farið í alla skóla í Breiðholti og hitt alla árganga og kynnt íþrótt- og frístundastarf í Breiðholti. Það var virkilega ánægjulegt að sjá alla þessa frábæru krakka sem öll eru með mismunandi áhugamál og stefnur. Eftir kynninguna það ég alla nemendur um að huga vel að því hvað það er sem þeim þykir skemmtilegast og hvernig þeim langar að nýta sinn frítíma.



Við höfum öll ólíkar þarfir og væntingar og því er mikilvægt að þau ígrundi sínar vel og hafi áheyrn. Það er mikilvægt að tryggja þeim tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu og ef þau finna sér ekki íþrótt eða aðrar frístundir sem hentar þeim, að við þá aðstoðum við að finna þeim leið.

Í gegnum íþróttir og frístundastarf læra börn að vinna saman, styrkja félagsleg tengsl og er þetta gríðarlega mikilvægt fyrir öll börn og ungmenni í Breiðholti. Í hverfinu okkar eru börn og ungmenni með fjölbreyttan bakgrunn því er mikilvægt að við hjálpumst að að miðla upplýsingum á milli um það sem er í boði í Breiðholti og aðstoðum þau, ef þarf, við að ná tengingu á rétta staði.

Kynningarstarf okkar um íþróttir og frístundir í Breiðholti er ávallt í fullum gangi og biðlum við til ykkar, íbúa, um að aðstoða okkur í þeirri vinnu. Þar verður ávinningur okkar, sem samfélag, mestur.



Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir.

Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir.
Íþrótt- og frístundatengill.



GETRAUNANÚMÉR
LEIKNIS ER 109

1x2

GETRAUNIR.IS



Netverslun:
systrasamlagid.is

Útfararstofa Íslands

Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarlírói

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300

Komum til aðstamlenda og raðnum skipulag sé þess óskað

✉ utforin@utforin.is 🌐 www.utforin.is



Svein Erlendsson
Útfararstjóri
Sí: 896 1242

Jon G. Bjarnason
Útfararstjóri
Sí: 793 4455

Jóhanna Eiríksdóttir
Umboðsmaður
Sí: 892 0537

Guðmundur Ó. Kvarnason
Umboðsmaður
Sí: 892 0537

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Leiknir var stofnað 1973

Getraunarnr. 111



www.leiknir.com

Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Daði hlaut Sævarsbikarinn

Daði Sigurjónsson hlaut Sævarsbikarinn á uppskeruhátíð yngri flokka Leiknis nú á dögum. Um er að ræða hvatningarverðlaun Sævars Atla Magnússonar sem voru afhent í fyrsta skipti

Þetta er í fyrsta sinn sem bikarinn er veittur og er hann hvatningarverðlaun Sævars Atla Magnússonar, leikmanns með meiru sem allt Leiknisfólk þekkir af góðu einu en hann leikur nú með Lyngby í Danmörku. Daði er alltaf boðinn og búinn að hjálpa til í kringum klúbbinn, hvort sem það er að sinna dómgæslu eða gæslustörfum á heimaleikjum. Hann þjálfar í yngri flokkum félagsins og stendur sig með miklum sóma, alltaf tilbúinn að læra og hefur staðið sig frábærlega í þeim verkefnum sem honum hafa verið falin. Hann hefur sýnt mikla seiglu í að sigrast á mótlæti, t.a.m. meiðslum og síðast en ekki síst hugsar hann mjög vel um liðsfélaga sína og hefur gott og jákvætt viðmót sem stuðlar að góðri liðsheild.



Daði Sigurjónsson hlaut Sævarsbikarinn.

Aron Einarsson til Leiknis

Miðjumaðurinn knái Aron Einarsson frá Selfossi hefur ritað undir samning við Leikni út leiktímabilið 2025.

Aron er 21 árs leikmaður sem vakti athygli í Lengjudeildinni í sumar þrátt fyrir slakt gengi Selfyssinga og þjálfarateymið í 111 er spennt fyrir því að fá hann til félagsins: "Það eru góð tíðindi fyrir Leikni að Aron Einarsson gangi til liðs við félagið. Hann er vinnusamur leikmaður sem fellur vel inn í hugmyndafræði liðsins. Hann er leikmaður sem við tókum eftir á nýliðnu keppnistímabili og vakti áhuga okkar. Við erum því mjög ánægðir með það að hann er tilbúinn að taka slaginn með okkur." sagði Vigfús Þjálfari af þessu tilefni.



Aron Einarsson kominn til Leiknis.



www.leiknir.com



Helgi Grétarsson skrifar

Umferðaröryggi við nýja verslun Garðheima í S-Mjódd

Verslun Garðheima var um langt skeið í N-Mjódd við Stekkjarkakka 6. Vegna fyrirhugaðrar húsnæðisuppbyggingar á því svæði gat verslunin ekki haldið áfram þar. Eftir nokkuð langt og flókið ferli varð niðurstaðan sú að verslunarreksturinn gat haldið áfram í S-Mjódd við Álfabakka 6. Verslunin var formlega opnuð helgina helgina 4. til 5. nóvember sl. og var vel mætt á opunarhátíðina. Fleiri verslanir og önnur atvinnufyrirtæki eiga eftir að slást með í hópinn í S-Mjódd.

Undanfarnar vikur og mánuðir hafa ófáir haft áhyggjur af aðkomunni að hinni nýju verslun Garðheima. Umfjöllun fjölmiðla, m.a. Morgunblaðsins, um þetta hefur verið töluverð. Sem dæmi er augljóst að um nokkuð langt skeið var hornið á fráreininni frá Reykjanesbrautinni inn á Álfabakkan sérlega viðsjárvert. Breiður hjólastigur meðfram Álfabakkanum hefur einnig verið illa merktur og ymsar framkvæmdir standa enn yfir á svæðinu. Slysahætta meðfram þessum hluta Álfabakkans hefur verið of mikil.



Helgi Grétarsson borgarfulltrúi.

Í ljósi þessarar stöðu lagði undirritaður fram tillögu á fundi íbúaráðs Breiðholts á fundi þess 8. nóvember sl. að ráðið myndi beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að umferð að „nýopnuðum Garðheimum yrði gerð greiðari og öruggari“. Töluverð umræða spannst um tillöguna á fundi íbúaráðsins

og voru þær gagnlegar. Svo sem við mátti búast var tillagan ekki samþykkt en ráðið bókaði í þá veru að þar til bær sérfræðingur, frá umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar, myndi koma á fund ráðsins og „kynna uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í Suður-Mjódd og hvernig fyrirhugað er að stýra umferð á svæðinu og tryggja umferðaröryggi fyrir alla vegfarendur, bæði til skemtri og lengri tíma“.

Fyllsta ástæða er fyrir alla þá sem eiga hagsmuni í S-Mjódd að heppilegu skipulagi verði komið á í því skyni að tryggja öryggi allra vegfarenda. Leysa þarf úr þeim tímabundnu erfiðleikum sem komið hafa upp á svæðinu en eftir því sem rekstraraðilum fjölgar, þarf að breyta umferðarmannvirkjum til lengri tíma svo að umferð á svæðinu geti gengið í senn greiðlega og örugglega.

Höfundur 1. varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og á sæti í íbúaráði Breiðholts.

Útskriftarsýning myndlistarnema í FB

Sýningin Gildi opnaði í Hinu húsinu þann 4. nóvember og stendur til 4. desember.

Þar sýna útskriftarnemar af myndlistarbraut FB verk sem þau unnu í vinnustofu-valáfanga á þessari

önn. Sýningin er öllum opin og aðgangur er ókeypis. Þátttakendur eru: Erik Vikar Diez Róbertsson, Hanna Lára Vilhjálmsdóttir, Harpa Rósey Qingqin Pálmadóttir, Margrét Ylfa Arnórsdóttir og Torfi Sveinn Ásgeirsson.



Útskriftarnemar á við opnun sýningarinnar.



ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS
MJÓDD



ÁFRAM ÍR



HEIMASÍÐA ÍR
www.ir.is



SmíðaVík

GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri, bæta þéttingu glugga og hurða, lagfæra glugga og hurðir eða skipta því út fyrir nýju erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is
sími 898-0503
Guðlaugur



Ekki láta hvern sem er skipta um þakið hjá þér!

Árið 2023 skipti Nýtt Þak um þök á tveimur einbýlishúsum og fjórum fjölbýlishúsum í Breiðholti. Samtals 2775m².

Árið 2022 var skipt um þök á fjórum einbýlishúsum og tveimur fjölbýlishúsum í Breiðholti. Samtals 1850m².

Frekari upplýsingar má nálgast á heimasíðu okkar nyttthak.is eða info@nyttthak.is.

Við erum stoltir af öllum okkar þökum!
Hér má sjá brot af því besta í Breiðholti:



Við elskum þök!
Fáðu **FRÍTT**
VERÐTILBOÐ!

www.Nyttþak.is - Sími: 698 2298